



Lúxemborg, 1. júlí 2005

## Fréttatilkynning 02/2005

### Dómur í máli E-8/04 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein*

#### Staðfesturéttur

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm, þar sem fram kemur, að ákvæði í bankalöggjöf í Liechtenstein um, að minnst einn í framkvæmdarstjórn og einn í stjórn banka með staðfestu í Liechtenstein, skuli hafa fasta búsetu þar, samræmist ekki ákvæðum 31. gr. EES samningsins um staðfesturétt.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins segir, að framangreind búsetuskilyrði bankalaga í Liechtenstein (*Gesetz vom 21 Oktober 1992 über die Banken und Finanzgesellschaften*) feli í sér höft á staðfesturétti, þar sem þau takmarki möguleika ríkisborgara annarra EES-ríkja, sem sækjast eftir sæti í framkvæmdastjórn eða stjórn banka með staðfestu í Liechtenstein, í samanburði við möguleika ríkisborgara í Liechtenstein.

Dómstóllinn komst auk þess að þeirri niðurstöðu, að hvorki séu nnt að réttlæta höftin með vísan til 33. gr. EES-samningsins né brýnna hagsmuna almennings. Í dóminum kemur fram, að enda þótt þörfin fyrir því að viðhalda góðu orðspori fjármálaþjónustunnar í Liechtenstein sé lögmætt markmið, sem að meginstefnu til geti réttlætt höft á staðfesturétti, sé búsetuskilyrðið hvorki viðeigandi né nauðsynlegt, auk þess sem það gangi lengra en nauðsyn krefur til að settum markmiðum verði náð.

EFTA-dómstóllinn hefur tvisvar áður verið beðinn um ráðgefandi álit á því, hvort búsetuskilyrði í ákvæðum laga í Liechtenstein samræmist staðfesturétti samkvæmt EES samningnum, þ.e. mál E-3/98 *Herbert Rainford-Towning*, og mál E-2/01 *Dr. Franz Martin Pucher*. Í máli *Herbert Rainford-Towning* var fjallað um þá kröfu viðskiptalaga í Liechtenstein, að minnst einn forstjóri í hlutafélagi í Liechtenstein ætti búsetu þar í landi. (*Gewerbegesetz*). Í máli *Pucher* var um að ræða kröfu hlutafélagalaga um, að minnst einn í stjórn hlutafélags í Liechtenstein hefði búsetu í landinu (*Personen- und Gesellschaftsrecht*). Í báðum þessum málum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að búsetuskilyrðin fælu í sér ólögmæt höft á staðfesturétti.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.